



9. mars 2020

Tilkynning frá SÁÁ vegna COVID-19 veiru

Við viljum biðja alla að fylgja [leiðbeiningum Embættis landlæknis](#) varðandi smit- og sóttvarnir.

Við biðjum fólk að koma ekki á starfsstaði SÁÁ (Vog, Vík og göngudeildir) ef möguleiki er á Covid-19 veirusmiti, þ.e. :

- Ef þú ert með bráða öndunarfærasýkingu og hita eða hósta eða mæði og
- hefur umgengist líklegt eða staðfest Covid-19 tilfelli eða verið á [skilgreindu svæði með smithættu](#)

Eins og allir landsmenn höfum við hjá SÁÁ fylgt leiðbeiningum frá Embætti landlæknis varðandi smit- og sóttvarnir og fyrir innlögn skimað fyrir veikindum, ferðalögum og tengslum við veika, til að hindra að smitaðir leggist inn á sjúkrahúsið Vog.

Við höfum **hætt að taka við sendingum** á sjúkrahúsið Vog og hætt að fá gesti á okkar starfsstaði m.a. með 12 spora fundi.

Við mælum með því að þeir sem eru í **áhættuhópi (eldri og undirliggjandi veikindi) meti sína áhættu** með innlögn á Vog og meðferð á göngudeildum og útsetji sig ekki fyrir smiti með umgangi við margt fólk um þessar mundir. Það gæti því verið skynsamlegt að bíða.

[Leiðbeiningar fyrir áhættuhópa](#) 7/3/20.

Áhættuhópur er fólk eldra en 50 ára, fólk með undirliggjandi sjúkdóma: hár blóðþrýstingur/hjartasjúkdómar, sykursýki, langvinn lungnateppa, langvinn nýrnabilun og krabbamein. Einnig er áhætta hjá fólki sem reykir a.m.k. ef þeir hafa jafnframt lungnasjúkdóm.

Við höldum áfram að hlíta öllum leiðbeiningum yfirvalda og munum uppfæra okkar verklag eftir því.